



Reykjavík 21.01.22

Komið þið sæl

Í ljósi þess að nú er búið að taka út hraðpróf í smitgát þá þurfti að uppfæra bréf o.fl. í leiðbeiningum fyrir stjórnendur.

Nú eru komnar uppfærðar leiðbeiningar þess efnis og er hægt að finna þær [hér](#).

Einnig erum við búin að taka saman leiðbeiningar varðandi hlekki sem skólastjórnendur fá til að skrá nemendur eða starfsfólk í sóttkví.

Þegar einhver fær jákvæða niðurstöðu úr PCR prófi fær viðkomandi sendan spurningalista (berst um 30 mínútum eftir niðurstöðu) frá smitrakningarteymi sóttvarnalæknis og almannavarna. Í spurningalistanum er spurt um hvort viðkomandi hafi farið í skóla, hvenær viðkomandi fór í skóla, í hvaða bæjarfélagi og einnig hvaða skóla.

Í framhaldi af þessum upplýsingum er sendur hlekkur til stjórnenda skóla. Við hvetjum ykkur til þess að útbúa sérstakt netfang fyrir COVID-19 sem þau sem þurfa hafa aðgang að svo hægt sé að dreifa álaginu, t.d. covid@nafngrunnskola.is. Ef slíkt er búið til, þá sendið þið okkur þær upplýsingar á ahs@shs.is og við breytum því í kerfinu.

Þið sjáið ekki nafn barnsins né útsetningardag fyrr en þið opnið hlekkinn, en þetta er vegna persónuverndarlaga. Leiðbeiningar og upplýsingar um hlekkina eru að finna [hér](#).

Það hefur verið mikið álag á kerfinu, mörg börn að greinast á aldrinum 16 ára og yngri. Þykir okkur miður að fólk komist ekki að í síma.

Við minnum aftur á netfangið ahs@shs.is og símann 547-1122 fyrir bakvakt AHS sem og síðuna [ahs.is](https://www.shs.is) en þar er töluvert af leiðbeiningum og öðrum gögnum sem er gott að kynna sér. Við svörum frá klukkan 10.00 til 22.00 alla sjö daga vikunnar.

Við biðjum ykkur að hafa allar upplýsingar um þann smitaða tilbúna, þ.e. nafn og hvenær barn eða starfmaður var síðast í skólanum, eða hafa önnur gögn tilbúin sem ykkur vantar svör við. Þannig ættum við að geta stýtt símtölin eins og hægt er til að geta aðstoðað sem flesta og vonum við að þið hafið skilning á því og skoðið leiðbeiningarnar vel áður en þið hringið.

Ef við náum ekki að svara sendið þá tölvupóst með beiðni um að fá símtal og við hringjum til baka við fyrsta tækifæri.

Von er á enn frekari breytingum í tengslum við smitrakingu, þannig að það er mjög mikilvægt að nálgast alltaf gögnin inn á AHS síðunni, þar sem uppfærslur eru tíðar.

.

Með bestu kveðju

Teymið